

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2390  
komudagur 11.5.2011

Nefndasvið Alþingis,  
b.t. Samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík



LANDVERND

11. maí 2011

**Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg), 439. mál.**

Landvernd hefur kynnt sér ofangreint frumvarp og mælir með að það verði ekki samþykkt.

Það er umhugsunarvert að lagt sé fram frumvarp á Alþingi sem gerir ráð fyrir að lagður verði vegur á þessu svæði eftir svokallaðri leið B, þrátt fyrir skýra niðurstöðu Skipulagsstofnunar og tvo dóma, bæði í undirrétti og Hæstarétti, þar sem vegi þessum var hafnað.

Skipulagsstofnun hafnaði leið B um Teigsskóg og yfir fjarðaminni Djúpaþarðar og Gufufjarðar og það gerðu einnig Umhverfisstofnum, Náttúrufræðistofnun, Skógrækt ríkisins og margir fleiri aðilar í umsögnum sínum um matsskýrslu Vegagerðarinnar. Vegagerðin kærði niðurstöðu Skipulagsstofnunar til þáverandi umhverfisráðherra, sem að lokum féllst á leið B með nokkrum skilyrðum. Þennan úrskurð umhverfisráðherra kærðu ýmsir aðilar málsins til Héraðsdóms Reykjavíkur og unnu málið þar. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar og þar vannst málið einnig.

Til að bæta samgöngur á Vestfjörðum hefur Landvernd mælt með að hugað verði meira að jarðgöngum og hafa samtökin lagt fram hugmyndir um jarðgangagerð á Vestfjörðum til lengri tíma lítið, sjá <http://landvernd.is/frettirpage.asp?ID=2208>. Jarðgöng eru betri lausn en þverun fjarða eins Leið B gerir ráð fyrir, bæði með tilliti til náttúruverndar en ekki síður með tilliti til umferðaröryggis. Jafnvel þótt stofnkostnaður jarðganga kunni að vera eitthvað hærri en aðrar leiðir, verður að líta til þess að í útreikningum Vegagerðarinnar er lítið framhjá umhverfiskostnaði. Umhverfiskostnaður getur skipt sköpum þegar verið er að meta hagkvæmasta vegstæðið hverju sinni. Ef honum er algjörlega sleppt er hætt við að besti kosturinn verði ekki fyrir valinu.

Umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif leiðar B verða ekki tíunduð í umsögn þessari en Landvernd hvetur Samgöngunefnd eindregið til að kynna sér niðurstöðu Skipulagsstofnunar og umsagnir umhverfisstofnana ríkisins varðandi þessa leið. Þær mótvægisáðgerðir sem tilgreindar eru í frumvarpinu myndu engan veginn duga til að vega upp á móti, eins og fram kemur í þessum gögnum. Samtökin hvetja þingmenn til að fara aðrar leiðir en hér er lagt til.

Með vinsemd og virðingu,

Björgólfur Thorsteinsson  
formaður Landverndar